

# SÖGUKORT

## Story map

### Aldurshópur

Allir aldurshópar

### Um sögukort

Sögukort eru ein gerð hugarkorta og notuð til að hjálpa nemendum að átta sig á uppbyggingu sögu eða frásagnar. Flestir nemendur hafa töluverða reynslu af frásagnarforminu enda er það algengasta formið sem verður á vegi þeirra ef lesið er fyrir þá frá unga aldri og lesefnið á fyrstu árum í grunnskóla byggir einnig að mestu leyti á frásagnarforminu. Þekking á frásagnarforminu er því til staðar en sögukortin hjálpa nemendum að glöggva sig betur á einkennum formsins. Þau geta einnig nýst vel sem undirbúningur undir ritun þegar nemandi leggur drög að því að skrifa sjálfur sögu.

Sögukort geta verið misflókin og ræðst það af aldri og viðfangsefni nemenda hverju sinni hversu flókin og ítarleg kort þeir gera. Í fyrstu er mikilvægt að kennarinn vinni með sögukort út frá stigskiptum stuðningi (sýnikennsla – sameiginleg þjálfun – leiðsögn – sjálfstæð þjálfun/vinna) og leiði nemendur munnlega og skriflega í gegnum gerð fyrsta sögukortsins eða þar til nemendur geta útbúið sögukort upp á eigin spýtur.

### Markmið aðferðar

- Að nemendur öðlist skilning á frásagnarforminu með því að greina það á skipulegan hátt út frá þáttum sögukorts.
- Að nemendur læri og noti hugtök sem lýsa einkennum frásagnar.
- Að nemendur nýti sér gerð sögukorts sem hluta af undirbúningi ritunar eigin sögu.

### Gögn

- Skemmtileg og áhugaverð saga sem hefur skýra uppbyggingu (t.d. ævintýri).
- Óútfyllt sögukort – einföld útgáfa (nemendur geta einnig teiknað sitt eigið).
- Óútfyllt sögukort – flóknari útgáfa (nemendur geta einnig teiknað sitt eigið).

### Framkvæmd

1. Kennari og nemendur lesa saman sögu og ræða efni hennar. Jafnframt er farið vel yfir orð og hugtök sem nemendur þekkja ekki.
2. Kennari skilgreinir einn þátt í sögukortinu í einu (sjá meðfylgjandi skilgreiningar til hægðarauka) og ræðir þáttinn við nemendur út frá sögunni.
3. Kennari dregur umfjöllun sína saman og sýnir nemendum hvernig hún er skráð í sögukortið.
4. Hver þáttur kortsins unninn með þessum hætti þar til búið er að fylla kortið út.
5. Ferlið endurtekið út frá hugmyndafræði stigskipts stuðnings (sjá umfjöllun um stigskiptan stuðning undir ritunarhluta *Læsisvefsins*) eða þar til nemendur geta unnið sjálfstætt.

## Nánari útfærsla

Nota má útfyllt sögukort til að kenna nemendum að skrifa samantekt úr efni bókar og nota t.d. í bók-  
arumsögn eða bókarrýni.

## Skilgreiningar

**Aðalpersónur:** Persónur sem gegna aðalhlutverki í atburðarás sögu, leikriti eða kvikmynd.

**Aukapersónur:** Persónur sem gegna aukahlutverki í atburðarásinni.

**Sögusvið:** Vettvangur eða umhverfi þar sem sagan gerist.

**Atburðarás:** Söguþráður eða flétta sögu. Saga er drifin áfram af framvindu atburðarásar.

**Vandi:** Einhvers konar hindrun sem hefur áhrif á sögupersónur sem þeim tekst að ryðja úr vegi áður en sögunni lýkur.

**Lausn:** Hvernig hindruninni er rutt úr vegi og vandinn leystur.

**Innri tími sögu:** Tíminn sem líður innan verksins.

**Ytri tími sögu:** Sá sögulegi tími sem sagan gerist á. Getur verið nútíminn, á Íslandi fyrir 100 árum eða í framtíðinni.

# SÖGUKORT



Nafn og bekkur \_\_\_\_\_

Aðalpersónur

Söguvið

Aukapersónur

Bókarheiti  
og höfundur

Vandi

Lausn



# SÖGUKORT

Nafn og bekkur \_\_\_\_\_

**Persónur**

**Sögusvið – ytri tími – innri tími**

**Vandi**

**Atburður 1**

**Atburður 2**

**Atburður 3**

**Lausn**

**Bókarheiti og höfundur**